



## Prettándinn haldinn hátíðlegur á Selfossi

Venju samkvæmt var þrettándinn haldinn hátíðlegur á Selfossi undir dyggri stjórn Ungmennafélags Selfoss. Óhætt er að segja að veðrið hafi leikið við gesti og gangandi. Máninn óð í skýjunum, jólasveinar, tröll og álfar fóru á stjá og gengu

fylktu liði ásamt bæjarbúum frá Tryggvaskála að tjaldstæðinu við Gesthús. Þar hljómaði áramótatónlist um álfakónginn og drottninguna ásamt fleiri kunnuglegum söngvum. Brunavarnir Árnassýslu sáu um að kveikja upp í þrettándabrennunni. Við

bjarmann frá bálinu heilsuðu jólasveinar upp á börn og fullorðna áður en þeir héldu af stað til fjalla. Þrettándagleðinni lauk með glæsilegri flugeldasýningu sem Björgunarfélag Árborgar skaut upp í samstarfi við Ungmennafélagið. -gpp



## Bláskógabyggð semur við Hellarannsóknafélag Íslands

Skömmu fyrir jól var gengið frá samningi milli Bláskógabyggðar og Hellarannsóknafélags Íslands með það að markmiði að tryggja að varðveisla, eftirlit og ráðgjöf með friðlýstum myndunum hella, dropsteina, hraun- og gosminja byggji á faglegum forsendum og sé í samræmi við lög og reglugerðir um náttúruvernd. Jafnframt að náttúrufrýrbærri þessi séu metin m.t.t. fagurfræðilegs gildis, sérstöðu, eigingildis, umferðar- og heimsóknapóls og tillögur gerðar um lokun, afmörkun gönguleiða og vernd, t.a.m. dropsteinsmyndana, eftir því sem við á í hverju tilviki. Tekur Hellarannsóknafélagið að sér að veita Bláskógabyggð



Á meðfylgjandi mynd, sem var tekin við undirritun samningsins má sjá Helga Kjartansson, oddvita, og forsvarsmenn Hellarannsóknafélagsins þá Guðmund Þorsteinson og Kristín Marvinnson.

faglega ráðgjöf varðandi gerð lokunarþúnaðar, varðveislu, aðgengisstýringu og sjálfbæra nýtingu dropsteinshraunhella og gosmyndana innan marka sveitarfélagsins.

## Hvergerðingar samstíga í fjárhagsáætlanagerð

Í fundargerð frá bæjarstjórn Hveragerðisbæjar kemur fram að vinna við fjárhagsáætlun hafi gengið vel og verið í miklu samstarfi þvert á flokkslínu. Garðar R. Árnason, bæjarfulltrúi Frjálsra með Framsókn segir m.a.: „Bæjarfulltrúi Frjálsra með Framsókn vill þakka gott samstarf allra bæjarfulltrúa við vinnslu fjárhagsáætlunarinnar og er sannfærður um að slíkt vinnulag skili traustari og vandaðri áætlun. Í fjárhagsáætlunarvinnunni hefur undirritaður lagt áherslu á stöðugan rekstur bæjarfélagsins og að þjónusta við bæjarbúa skerðist ekki.“ Þá bóka bæjarfulltrúar Okkar

Hveragerðis: „Eins og áður hefur samstarf allra bæjarfulltrúa um fjárhagsáætlun skilað betri og vandaðri áætlun en ef meirihlutinn hefði einn staðið að gerð hennar. Stjórnendum stofnana bæjarins ber jafnframt að þakka fyrir gott starf og góðan rekstur.“ Þá segja fulltrúar D-listans: „Eins og undanfarin ár var fjárhagsáætlun ársins 2020 unnin sameiginlega af öllum bæjarfulltrúum og var samstarfið afar ánægjulegt. Bæjarfulltrúar D-listans þakka fyrir samstarfið og eru þess fullvissir að samstarf eins og hér er viðhaft er Hveragerðisbæ og Hvergerðingum til framdráttar.“ -gpp

**Brrr...**  
Það er farið að kólna.  
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR HELGA**  
Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

snögg og góð þjónusta

**Rafverktakar · Verslun**  
**Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi**

**Árvirkinn**

Neyðarsími 660 1160 Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is

ÍÞRÓTTAÐÚSÍÐ VALLASKÓLA 25. JANÚAR



**SELFOSS**  
ÞORRABLÓT 2020

HUGINN · SAGA GARBARS · HLJÓMSVEITIN DANS Á RÓSUM  
LÉTTISVEITIN RÓFUSTAPPA · FJÖLDAÞÓNGUR · SIGURJÓN FRÁ  
SKOLLAGRÓF · LEYNIATRÍDI · GÖMLU DANSARNIR  
BRENNIVÍNIS "SNAPS" OG FLEIRA OG FLEIRA

VEISLUSTJÓRI MAGGI PERAN

Mikissala heitir 8. janúar og stendur 02.21. janúar í Gallarí (Ózón Selfossi). Miðverðið á blót og ball er 7.000 kr. en þeirská forskólu blót verður frí á 15. janúar eða blót er 3.000 kr. Mánari upplýsingar má finna á Facebookhlíðinni "Selfossþórablót" og í síma á 800 100 - Góða skemmtun!



## GK bakarí opnaði dyrnar á vörutalningardaginn

Það voru brosandir bakarar sem tóku á móti viðskiptavinum í nýju bakarí á Selfossi þann 2. janúar 2019. Húsnæðið hefur fengið mikla andlitslyftingu og tekur vel á móti nýjum viðskiptavinum. Það eru bakararnir og vinirnir Kjartan Ásbjörnsson og Guðmundur Helgi Harðarson sem standa á bak við reksturinn og borðið. Bládamadur renndi við hjá þeim félögum og kynnti sér hvað þeir hafa í bígerð að kynna fyrir Sunnlendingum.

### Kynntumst á fjölonum hérna

Þegar Guðmundur Helgi er inntur eftir því hvernig ævintýrið byrjaði segir hann: „Þetta byrjaði þannig að ég fæ sumarstarf hérna árið 2011 hjá Óskari. Þannig að fyrsta daginn minn hérna á fjölonum hjá Guðna þá kynnist ég Kjartani og lærði svo að baka. Það eru mikilvægustu tvö samböndin í mínu lífi síðustu ár því síðan ég byrjaði hérna höfum við verið óaðskiljanlegir og urðum bestu vinir á viku. Þá fann ég mig alveg fáránlega vel í þessu. Vera með eitthvað svona skapandi faktor og í góðum filing að vinna með strákunum.“ Til þess að gera langa sögu stutta fluttist Guðmundur svo til Reykjavíkur og fór að vinna hjá Brauð og co. og Kjartan bakaði hjá IKEA. „Það var svo einn eftirmiðdag að Kjartan bauð mér á rúntinn, keyrir með mig hingað austur og við tókum einn hring í húsinu. Mér leist ekki á blikuna svona fyrst en við ákváðum að láta slag standa og hér stöndum við í dag,“ segir Guðmundur og brosir breitt.

### Viðskiptavinirnir mikilvægastir og við viljum gott samband við þá

Það er auðheyrð að Guðmundur

er á höttunum eftir góðu sambandi við viðskiptavinum. Bæði hvað varðar verð og að bakaríð verði miðstöð viðskiptavina sem koma til að hugsa, tala saman eða bara spjalla við starfsfólkið. „Fyrir það fyrsta ætlum við að vera með öll okkar spil á borðinu. Okkur langar mikið til að byggja upp gott samband við bæjarbúa. Vera partur af menningunni í bænum. Í fyrsta lagi er varla til sá Selfyssingur sem man að ekki hafi verið bakarí í þessu húsi. Húsið er miðsvæðis í bænum og svo er svo mikilvægt í svona litlu samfélagi að menn séu samþjappaður hópur og okkur langar að vera þar og taka þátt í fjörunu því við erum miklir stemningsmenn. Þá langar okkur að færa ykkur handverkið og heiðarleikann og færa neytendum vörur sem við erum stoltir af og vitum að muni falla í kramið.“

### Metnaðurinn í hverja útsöluvöru gríðarlegur

Það er augljóst að Guðmundur og Kjartan eru í starfinu af lífi og sál og langar til þess að færa Sunnlendingum gott, háklassa bakkelsi. „Við erum með gott fólk með okkur, með háklassa hráefni og leggjum hjarta og sál í verkefnið og það skilar sér til baka. Það fyrsta sem við gerðum þegar við komum hingað inn var að selja brauðuppsláttarvélina. Það að vinna með eitthvað í höndunum og fylgja því eftir frá því að það var bara hráefni, yfir í að setja það í ofninn, taka það úr ofninum, rétta þér það, og þú ferð með það heim, þá veit ég að það á eftir að færa þér gleði,“ segir Guðmundur.

### Vöruúrvalið öðruvísi en hefðbundið bakarí

Vöruúrvalið í GK bakarí er

með öðrum hætti en endilega í öllum öðrum bakaríum. Við spurðum Guðmund aðeins út í þetta. „Já, bransinn var kannski svolítið staðnaður, þangað til fyrir 3-4 árum síðan var allt dálítið keimlíkt. Fólk í landinu var bara vant því að í bakaríinu fengist bara bleikur snúður og mjúkt croissant og kjallarabollur. Menn eru nú farnir að þreifa fyrir sér og prófa ýmislegt nýtt. Þökk sé samfélagsmiðlum að einhverju leyti. Það sem okkur langar að gera er að taka okkar spinn á vissa hluti en spinna klassikerana. Þetta er svolítið eins og að fara á tónleika með Eagles. Þú vilt heyra klassíkina, Hotel California, en færð jafnframt að heyra eitthvað nýtt sem er svakalega gott og veist það að þú getur gengið að því visu að í lokin færðu að heyra Hotel California. Þú verður svo bara að njóta ferðalagsins á meðan. Við ætlum að vera með lifandi vöruúrval, rétt eins og Eagles spilar aldrei sömu lögin kvöld eftir kvöld og vera duglegir að flétta inn einhverju skemmtilegu spinni. Þá verðum við í samstarfi við Korngrís í Árnesi. Þeir skaffa okkur t.d. skinku af öllum tegundum. Það getum við til dæmis þróað á ýmsa vegu. Minn draumur er sá að menn sem koma einu sinni í mánuði í bakaríið viti ekkert endilega að hverju þeir ganga. Geti fengið góðan snúð og gott vinarbrauð en svo er bara ýmislegt annað spennandi í boði þannig að þetta verði ekki þreytt eða staðnað. Það heldur okkur sjálfum líka á tánum. Við látum staðar numið hér og þökkum Guðmundi fyrir spjallið og rennum niður síðasta bitanum af stökku, fallettu croissant.“

-gpp



## HLÍN PÉTURSDÓTTIR BEHRENS NÝR GEISLADISKUR

TRYGGIÐ YKKUR EINTAK FYRIR 16. JANÚAR

Allar upplýsingar:  
Nocturne - Karolina Fund  
og [www.hlinpetursdottir.is](http://www.hlinpetursdottir.is)

**DFS TV**

DFS TV má finna  
inni á [DFS.is](http://DFS.is), fréttavef  
Dagskrárinnar.

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við  
áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum  
myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.



# ÚTSALA

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegji 29 · Selfossi · Sími 482 1800

ÚTSALAN ER HAFIN - GERÐU GÓÐ KAUP

## Minningargrein:

### Leif Magnús Grétarsson Thisland

Leif Magnús fæddist í Kristiansand í Noregi 22. janúar 2003. Hann lést af slysförum í Núpá í Eyjafirði 11. desember 2019.

Þú varst bara 7 ára þegar þú ráfaðir aleinn í skóginum við Mandal. Heimabæ móður þinnar í Noregi og þú leitaðir hennar. Hún hafði verið tekin frá þér, farin upp til ljóssins sem þú reyndir að finna á milli þéttra trjátoppa. En það tók þig ekki nema 9 ár að finna ljósið og mömmu þína eftir of stutta lífsgöngu, hrakinn og blautur. Þú sem elskaðir sveitina, túnin, heyið og heyskapinn á stórum vélum. Þú varst bara 15 ára, búinn að kaupa tvo traktora en fáir peyjar á þínum aldri geta stjórnað stærstu traktorum með heytætlur og rúlluvélar í eftirdragi. Ég man þegar ég kom fram að Mosunum í fyrra með þér, Páli Magnúsi heitnum og þabba þínum. Þú snaraðist út úr bílnum, tókst stórt skrufjárn og tengdir milli pólaná á rafgeyminum og vélin hrökk í gang. Snaraðist fimlega upp stigann, inn í risa traktorinn, kúplaðir heytætlunni inn, settir í gir og vélin æddi af stað. Þú varst mannaegur frændi. Ég horfði hugfanginn á eftir þér, þú hélst í stýrið og leist út um afturrúðuna til að athuga hvort allt væri í lagið og gjóaðir svo augunum til Ása frænda sem var eitt bros. Rosalega vorum við montnir á þessu augnabliki. Ég af þér og þú, náttúrubarn á heimavelli lífs þíns. Ég fylgdist með þér nokkrar ferðir suður engin milli Mosa og Ystabælis



Leif Magnús Grétarsson Thisland.

og sá sjálfan mig 50 árum fyrr, á gráum Ferguson í Steinum sem komst inn í aðra afturfelguna í traktorum sem Leif Magnús stjórnaði. Og í sumar þegar Leif og faðir hans tóku við Steina-búinu við fráfall Madda kom ég að þeim fæðgum í heyskap. Grétar að raka heyi í garða og Leif Magnús rúllaði. Það stíflaðist í vélinni og minn maður sveiflaði sér út úr traktorum, lagðist undir rúlluvélina og reif úr henni heyið. Þarna var maður á ferðinni sem kunnir sitt fag og sló ekki slöku við þó langt væri liðið á kvöld eftir marga langa daga. Hann var bara 16 ára en kröfurnar sem gerðar voru til hans voru kröfur á fullorðinn mann. Það var óraunhæft, en hann var ákveðinn í að verða bóndi, átti tvo traktora og var klár í slaginn. Var alvöru peyi sem fór sína leið og ætlaði að meika það í sveitinni. En Leif átti ekki eins góða samleið með skólabókunum og sveitarlíf-

inu. Maður þarf ekki að kunna dönsku eða samfélagsfræði til að geta unnið á stærsta traktorumum í sveitinni með rúlluvél í eftirdragi, eða aleinn að bera skít á tún fram á nótt. Gera við, vera maður og halda öllu gangandi. En það er ekki prófað í skólanum hvað maður kann í lífinu. Ekki frekar en í þinginu. Þá hefði minn maður dúxað alla grunnskóla. Grunnskólakerfið er ekki fyrir nemendur sem kunna meira á lífið en kennslubækurnar. Samt ætlaði Leif að koma heim og klára námið, hann var tilbúinn þegar hann tók þá ákvörðun sjálfur. Ég heyrði í honum rétt fyrir slysið og við ætluðum að hittast í Eyjum um jólin. Hann var kokhraustur og ætlaði að taka bílpróf í janúar og kaupa sér Mustang. Leif bar sig vel í símtalinu, en svo brast röddin. Hann var bara barn, blessaður litli frændi minn, óharðnaður og bjó að þyngri reynslu en barn á að bera. Ég sagði honum ekki frá því að við hinn endann á línunni láku líka tærin mín. Við kvöddumst sem vinir með tárbot augu. Síðasta kveðjan var blaut og köld eins og Leif þegar hann kvaddi þennan heim á leið inn í ljósið á milli trjátoppa í Mandal.

Votta Grétari Má, Óskari bróður mínum og fjölskyldunni samúð.

Ásmundur Friðriksson.

Útför Leifs Magnúsar fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 10. janúar 2020 kl. 15.00



## TJALDSVÆÐIÐ Á BORG

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir til leigu tjaldsvæðið á Borg. Um er að ræða land fyrir tjaldsvæði og mannvirki sem tilheyra rekstrinum.

Rekstraraðili skal sjá um rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað. Til kostnaðar telst m.a. þrif á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Leigusali, Grímsnes- og Grafningshreppur, setur upp fast leiguverð fyrir svæðið, 700.000 krónur fyrir árið. Leigutaki hefur möguleika á að greiða leiguverðið að hluta með verkefnum fyrir leigusala, s.s. endurbótum á svæðinu og viðhaldi mannvirkja.

Árlegur opnunartími tjaldsvæðisins er að öllu jöfnu frá 1. maí til 30. september. Stefnt er að því að nýr rekstraraðili taki við svæðinu vorið 2020.

Leigusamningur verður gerður til fimm ára.

Boðið verður upp á skoðun á svæðinu eftir samkomulagi.

### Umsækjandi (eða fyrirsvarsmáður umsækjanda) skal:

- gera grein fyrir reynslu sinni af ferðaþjónustu.
- gera grein fyrir sýn sinni á rekstur tjaldsvæðisins.
- hafa reynslu af rekstri.
- vera reglusamur.
- vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrisgjöld starfsmanna.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið gogg@gogg.is í síðasta lagi sunnudaginn 19. janúar 2020. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri, í síma 480 5500.

### Hjörtur Þórarinnsson heiðraður af stjórn Hollvarðasamtaka FSu

Stjórn Hollvarðasamtaka FSu heiðraði fráfarandi formann samtakanna, Hjörtur Þórarinnsson, en hann hefur lengi verið ótull talsmaður skólans, var formaður skólanefndar um langt skeið og stofnaði Hollvarðasamtökin ásamt fleirum á sínum tíma. Þá voru tveir kennarar heiðraðir

við starfslok á brautskráningu. Það voru þau Helga Jóhannesdóttir, textíl- og hönnunarkennari og Gísli Skúlason íslenskukennari. Þau hafa bæði starfað við skólann undanfarin 35 ár, en láta nú af störfum. Þeirra framlag til skólans er ómetanlegt.



## Einfaldaralif.is

### ORÐ ÁRSINS 2020



Nýtt ár, nýr áratugur, nýir tímar. Í lok hvers árs verð ég frekar meyr. Það er margt sem er þakkarvert og annað sem reyndi á og gaf vaxtartækifæri. Stærsta tilfinningin er líklega þakklæti í bland við óvissu þar sem ég veit ekki hvernig nýtt ár lítur út. En það er allt í lagi. Ég geri mitt besta til að fara í þá átt sem ég trúir að sé best fyrir mig, hjónabandið mitt og fjölskylduna mína. Á þessum „meyra“ tíma vel ég mér orð fyrir árið framundan. Það merkilega er að í öll þau ár sem ég hef gert þetta þá hefur það ekki verið flókið. Í desember 2019 var ég til dæmis ein að keyra og var að hugsa um orð ársins 2019 sem var „agi“. Ég þurfti að aga mig á mörgum sviðum. Það er ekki alltaf auðvelt að vera sinn eigin herra, vinna á eigin vegum, vera með stóra fjölskyldu, hugsa vel um sjálfan sig, sinna hjónabandinu og svo mætti lengi telja. Til þess að vaxa þá þarf oft að aga sig og það hef ég svo sannarlega

upplifað á árinu 2019. Það hefur ekki alltaf gengið vel en þegar ég lít til baka þá sé ég að ég er komin talsvert lengra en ég var í upphafi ársins 2019 og því ber að fagna. Lífið er víst langlaup en ekki spretthlaup. En svo ég komi aftur að því þegar ég var ein í bílturnum þá fór ég að hugsa um árið 2020. Ég fór að velta fyrir mér hvað væri best að einblína á á árinu. Hvað þurfti ég að læra. Hvað var gott fyrir mig að hafa í huga? Hvað var best fyrir mig, manninn minn og fjölskyldu mína. Þá poppaði upp í huga minn orðið „jafnvægi“. Það sat svo fast í huga mér að ég hugsaði með mér. Þetta hlýtur að vera orðið!

Og það er raunin. Orð ársins 2020 fyrir mitt líf er *jafnvægi*.

#### Hvernig lítur jafnvægi út? Í upphafi árs sé ég jafnvægi svona:

1. Jafnvægi á milli þess að þjóta og njóta
2. Jafnvægi á milli vinnu og hvíldar

3. Jafnvægi á milli samveru og einveru
4. Jafnvægi á milli þess að vera heima og ferðast
5. Jafnvægi á milli þess að borða hollt og minna hollt
6. Jafnvægi á milli bænna og þagnar
7. Jafnvægi á milli þess að skrifa og lesa
8. Jafnvægi á milli þess að vera sítengd og aftengd netheiminum
9. Jafnvægi á milli fjölskyldutíma og stefnumóta með eiginmanninum
10. Jafnvægi á milli hreyfingar og hugleiðslu

Og síðast en ekki síst, jafnvægi á milli þess að segja já og nei!

- Hvað sérð þú fyrir þér á þessu nýja ári?
- Hvert er þitt orð?
- Hvað vilt þú einblína á?
- Hvaða vaxtartækifæri sérð þú?

Gleðilegt nýtt ár  
Gunnlaug Stella

## Myndlistarbraut FSu sýnir í opnu rými utan skólans

Myndlistarbraut FSu mun nú taka upp þá nýbreyttni að setja upp sýningu í opinberu sýningarrými utan skólans. Nemendur í framhaldsáföngum fá þá þjálfun í uppsetningu og kynningu á eigin verkum. Að þessu sinni eru það nemendur í módeláfangi á þriðja þrepi sem sýna í Listagjanni á Bókasafni Árborgar 10. - 30. janúar. Verkin eru unnin á haustönn 2019, þar sem fengist er við teikningu og túlkun mannslíkamans. Unnið er út frá skissum af lifandi módeli sem taka frá tveimur mínútum upp í eina klst. Um er að ræða vandadar teikningar, krot og blindteikningar. Einnig er unnið undir áhrifum frá listasöggunni, ýmsum tímabilum og landsvæðum og notaðar mismunandi aðferðir.

#### Margt á seyði á listnámsbraut FSu

Boðið er upp á fjölbreytt úrval áfanga sem opnir eru öllum nemendum burtséð frá því hvort þeir eru á brautinni eður ei. Það er alltaf gefandi og gaman fyrir kennsluna að fá eldra fólk með



Mynd: Truflun eftir Birgittu Sól Helgadóttur.

áhuga á skapandi greinum inn í hinn hefðbundna nemendahóp. Stafræn smíðja, Fablab er að festa sig í sessi og á næstu önn verður boðið upp á 3. þreps áfanga þar. Kvikmyndun verður einnig hleypt af stokkunum. Fablab og kvikmyndun er partur af nýsköpun og miðlun en undir þann lið falla líka grafísk miðlun og grafísk hönnun.

Leiklist er fastur liður svo og hefðbundnar greinar eins og textill og myndlist en í öllum þeim greinum eru margir og fjölbreyttir áfangar. Veggjalistín fékk leyfi Húsasmíðjunnar til að setja verkin sín upp á Blómavals skíðgarðinn síðast þegar sá áfangi var og nú á vordögum verður farið í að uppfæra „Bókavegginn“ góða við FSu.



HEILSUHORN HSU

## Heilsuvera - fræðslusíða Heilsugæslunnar

Kröfur samfélagsins um lýsingatækni innan heilbrigðisþjónustu og stjórnsýslunnar almennt, verða sífellt meiri, en almennt er viðurkennt að aukin nýting upplýsingatækni innan heilbrigðisþjónustu auki öryggi sjúklinga, skilvirkni og gæði þjónustunnar. Á tímum tölvutækni og almennrar sitengingar við internetið er hægt með auðveldum hætti að leita sér upplýsinga um allt milli himins og jarðar. Þar eru upplýsingar um heilsu og heilbrigði ekki undanskildar. Upplýsingar koma úr ýmsum áttum og fólk oft hálf ringlað yfir öllum þessum upplýsingum. Til að tryggja það að fólk fái góðar upplýsingar um heilsu, sjúkdóma og einkenni þeirra hefur heilsugæslan og Embætti Landlæknis stofnað heimasíðu er kallast Heilsuvera.is. Á þessari síðu, sem er í sífelldri endurskoðun, eru gagnreyndar upplýsingar sem hægt er að treysta á. Það má segja að þjónusta síðunnar sé tvíþætt:

Í fyrsta lagi er þar hægt að finna margvíslegan fróðleik um heilsuefingu eins og næringu, hreyfingu, liðan og svefn. Ýmsar upplýsingar eru um sjúkdóma, veikindi og einkenni þeirra. Ferðafólk getur fundið upplýsingar um bólusetningar og ferðalög. Börn og ungmenni sem og eldri borgarar geta einnig leitað sér upplýsinga sem er sett inn með þarfir þessara aldurshópa í huga. Foreldrar ungubarna geta fundið allan þann fróðleik sem fram fer í ungubarnavæðinni. Þarna er hægt að fá aðstoð við að hætta að reykja sem og taka áfengispróf svo eitthvað sé nefnt. Þegar fólk tekur ábyrgð á eigin heilsu er mikilvægt



Bjarnheiður Böðvardsdóttir, hjúkrunarfræðingur á heilsugæslu Selfoss.

að leita sér gagnreyndrar þekkingar svo fólk geti tekið góðar ákvarðanir fyrir sína heilsuefingu.

Önnur þjónusta sem hægt er að finna á síðunni er Mínar síður þar sem fólk getur skráð sig inn með rafrænum skilríkjum. Með aðgangi að Heilsuveru geta einstaklingar nú fengið yfirsýn yfir lyfjanotkun sína, sótt rafrænt um endurnýjun lyfseðla, séð stöðu lyfseðla í lyfseðlagátt, séð ofnæmi sem hefur verið skráð í sjúkraskrá, séð framkvæmdar bólusetningar og heilsugæslan munu halda áfram að þróa Heilsuveru og munu einstaklingar smám saman fá aukinn aðgang að eigin heilbrigðisupplýsingum með hjálp Heilsuveru.

Við hvetjum fólk til að skoða og nýta sér heilsuveru. is.

Fh. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands:

Bjarnheiður Böðvardsdóttir  
Hjúkrunarfræðingur,  
heilsugæslu Selfoss.

## Skákkennsla grunnskóla-barna í Fischersetri

Skáknámskeið fyrir grunnskólabörn hafa verið haldin við góðan orðstír undanfarin 6 ár hjá Fischersetrinu á Selfossi. Námskeiðin hafa verið haldin í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg, Skákkóla Íslands og Skákkfélag Selfoss og nágrennis. Helgi Ólafsson stórmeistari og skólastjóri Skákkóla Íslands hefur haft yfirumsjón með kennslunni. Þátttaka hefur verið með ágætum en um og yfir 20 börn hafa komið á hvert námskeið. Í

samtali við Aldís Sigfúsdóttur hjá Fischersetrinu kemur fram að næsta námskeið hefjist þann 18. janúar nk. Áhugasamir geta haft samband við Fischersetrið í síma 894 1275 sé áhugi fyrir því að taka þátt og ná góðum tókum á skákinni.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraeygi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraeygi 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-hóf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Oft er ég látið í rjóðri rísa.  
Við rekkjur ég stundum dvel.  
Leiðangursmenn þarf ég löngum að hýsa  
og leiksviðið tíðum fel.

Svar við gátu í blaði 2529: **HELLA.**  
1. lína: Hella í gangstétt - 2. lína: Flatur steinn  
3. lína: Hella fyrir heyrum - 4. lína: Kauptún á Rangárvöllum

# Á unglingsárum las ég ástarsögur sem dugðu fyrir lífstíð

- segir lestrarhesturinn Auður Ingibjörg Ottesen

Auður Ingibjörg Ottesen býr á Selfossi og er ritstjóri tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn, höfundur bókarinnar 12 glæsilegir garðar og höfundur og ritstjóri í bókaflöknum Við ræktum sem fjallar um gróður og garðyrkju. Auður er smiður og garðyrkjufræðingur að mennt og hefur kennt á vinsælum garðyrkju-tengdum námskeiðum síðan 2009. Hún er formaður Suðurlandsdeildar Félags kvenna í atvinnulífínu og meðstjórnandi í Vistrætarfélagi Íslands.

## Hvaða bók ertu að lesa núna?

Bókina *Um tímann og vatnið* lagði ég frá mér rétt fyrir jól með söknuði. Andri Snær Magnason er svo góður. Bókin algerlega hnökralaus og snilld hvernig hann kemur boðskapnum til skila með sögu fjögurra kynslóða. Ég er spennt að lesa meira eftir Soffíu Bjarnadóttur, var að klára bókina hennar *Hunangsveiði*. *Verðandi* bók Michelle Obama er ég að lesa núna. Fantafin, hispurslaus og einlæg. Hlakka til að leggjast á koddann í kvöld og halda áfram með hana. *KaupThinking* eftir Þórð Snæ Júlíusson hefur verið á náttborðinu í 2 ár og ég les hana í áföngum, áhugaverður lestur og það er líka nýttkomin bók Hauks Arnþórssonar, *Um Alþingi*. Sú bók er leiðinleg aflestrar en upplýsandi þannig að hún verður líka lesin með hléum.

## Hvers konar bækur höfðu til þín?

Sagnfræði og þjóðfræði heilla mig. Ég vil skilja gang mála og hef undanfarin ár lesið allt sem gefið hefur verið út á íslensku um sögu og átök í Arabalöndunum. Ég lagði á mig að lesa Rannsóknarskýrsluna sem kom út eftir bankahrunið, ekki skemmtilestur en fræðandi. Ég les vel skrifaðar ævisögur til að skilja tíðarandann og sagnfræðitengd ævintýri með boðskap. Sakamálasögur sem eru með áhugaverðu plotti höfðu til mín og frásagnir af lífinu heilla mig líka. Fagbækur tek ég aldrei með mér upp í rúm, þær les ég sitjandi. Nær allar garðyrkju-

bækur sem ég les eru á Skandinavískum málum og veita mér innblástur.

## Ertu alin upp við bóklestur?

Ég las fyrir son minn en minnst þess ekki að það hafi verið lesið fyrir okkur systkinin. Aftur á móti sagði faðir minn okkur hestasögur sem hann bjó til. Söguþráðurinn var alltaf sá sami, öll áttum við okkar hest með nafni, minn var Sokki. Sögurnar gengu út á það að við þurftum að bjarga hrossastóðinu í hús því það var að koma svo mikil þoka upp á Helligshéið. Við og svo seinna barnabörnin tókum þátt í að spinna söguna og fyrir vikið var s a g a n aldrei nákvæmlega eins. Til eru upp- t ö k u r af hesta- s ö g u n - um sem ég pikkaði upp og þykir mér mikið til þeirra koma. Ég var seinlæs og hafði lesið *Dimmalimm*, um *Láka* og *Grimmsævintýri* er ég var 10 ára. Á unglingsárunum sótti ég bækur á bókasafnið í Hveragerði og las ástarsögur sem dugðu fyrir lífstíð. Foreldrar mínir voru í áskrift á bókum frá Almenna bókafélaginu og á æskuheimili mínu voru bækur á stásstað.

## Getur þú lýst lestrarvenjum þínum?

Flestar bækur les ég útafliggjandi, les fyrir svefn. Er með fjöldann allan af bókum á náttborðinu, sumar þeirra les ég í einum rykk og aðrar tek ég í áföngum. Á adventunni á ég gæðastundir með jólabókunum umvafin ullarteppum í rökkrinu.

## Einhverjir uppáhaldshöfundar sem þú vilt segja frá?

Uppáhaldshöfundur minn náði að skrifa *Njálu* án þess að geta nafns. Ég kolféll fyrir henni eftir að Guðmundur Danielsson rithöfundur leiklas hana þegar ég var 16 ára. Uppáhalds erlendi höfundurinn minn er Siegfried Lenz. Hef ekki tölu á því hve oft ég hef lesið í



Auður I. Ottesen.

bókinni *Porpið yndislega* sem er sprengskemmtileg í fáránleika sínum. Sá höfundur sem hefur haft mest áhrif á mig er Svava Jakobsdóttir fyrir smásögur sínar um stöðu konunnar í samfélaginu. Ritsystur hennar Ásta Sigurðardóttir og Steinunn Sigurðardóttir skrifa einnig snilldarlega um stöðu kvenna í karllægum heimi. Fyrir nokkrum árum keypti ég allar eldri bækur Laxness í bókaúðinni á Flateyri eftir vikt á 7000 krónur. Veturinn 2016 var tileinkaður Laxness. Hann er náttúrulega séni. Hann endurspeglar tíðarandann líkt og verk Andra Snæs Magnasonar gera í dag. Ef ég væri spurð hvort ég elskaði einhverja bók þá væri svarið *Momo* eftir Mikael Ende. Hún var leiklesin fyrir mig og son minn af kærnum vini fyrir 30 árum. Ég les *Momo* iðulega og glíma hans við tímaþjófana speglar svo vel hraða nútímans og ranglegt mat okkar á því sem skiptir máli. Svo er Finninn Arto Paasilinna snilldarrithöfundur sem fléttar sagnfræði og sálarangist inn í verk sín. *Dýrlegt fjöldamorð* og *Ár hérans* les ég ítrekað.

## Að lokum Auður, hefur bók rænt þig svefni?

Margar bækur hafa rænt mig svefni og þá aðallega þegar textinn er hnökralaus, efnid grípandi og fléttur í sakamálasögum sem koma mér á óvart. Ekki síður vaki ég þegar ég fæ svar við veraldlegum og heimspökilegum spurningum mínum. En ég steinsofna fljótt við lestur bóka þar sem tikkað er í öll boxin til að halda þræðinum uppi. Við lestur slíkra bóka fer ég ósjálfrátt að stytta þær í huganum og sem endar með því að ég legg þær frá mér.



Búslóðaflutningar og vörudreifing  
Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas

## ER SAKNAÐ

HESTS ER SAKNAÐ ÚR GIRÐINGUNNI  
Á LAUGARDELUM VIÐ SELFOSS

HESTURINN ER BRÚNN (SVARTUR) OG  
FAXPRÚÐUR EN GÆTI VERIÐ STYGGUR

ÖRMERKING (352002010156129)

UPPLÝSINGAR VEL ÞEGNAR Í SÍMA 782 1955

# +

Okkar ástkæri  
**Einar Jónsson**  
Hólakoti, Hrunamannahreppi,



lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði  
miðvikudaginn 1. janúar.  
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Haldóra Ásmundsdóttir**  
**Jón Einarsson**  
**Ása Margrét Einarsson**  
**Baldur Orrason Gröndal**


## Sogæðabjúgsnámskeið


Krabbameinsfélag Árnessýslu býður uppá námskeið við sogæðabjúg. Markmið námskeiðsins er að auka þekkingu og færni til að bregðast við sogæðabjúg.

Stórum hluta tímans er varið í verklega kennslu þar sem m.a. er lögð áhersla á sjálfsnudd og æfingar. Námskeiðið er í tvö skipti, miðvikudagana 15. og 22. janúar 2020 frá kl.16:15-18:30. Námskeiðið er haldið í húsnæði Rauða Krossins að Eyravegi 23 á Selfossi.

Leiðbeinendur er Marjolein Roodbergen og María Björk Ólafsdóttir, sjúkrapjálfarar.

Námskeiðið er öllum að kostnaðarlausu og fer skráning fram á netfanginu; arnessysla@krabb.is eða með skilaboðum á Facebooksíðu félagsins.





## Krabbameinsfélagið

# 82%

## Sunnlendinga

lesa Dagskrána í hverri viku



Auglýsingasíminn er  
482 1944



## Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða umsjónarkennara í 5. bekk.

Í skólanum eru um 715 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt viðeigandi kjarasamningi. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: [www.sunnulaekjarskoli.is](http://www.sunnulaekjarskoli.is) og í tölvupósti: [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is). Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2020.

Sótt er um stöðuna á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://starf.arborg.is>.

Skólastjóri

## Söfnun jólatrjáa í Sveitarfélaginu Árborg lau. 11. janúar 2020

**Laugardaginn 11. janúar 2020** verða jólatrén hirt upp í Sveitarfélaginu Árborg. Íbúar geta þá sett jólatrén sín út á gangstétt eða lóðamörk og verða þau þá fjarlægð. Mikilvægt að trén séu sýnileg frá götu þannig að auðvelt sé að fjarlægja þau. Farið verður af stað í söfnunina um **kl. 10:00 laugardaginn 11. janúar** og mikilvægt er að trén séu komin að gangstétt/lóðamörkum þá.

Ekki verður um frekari safnanir að ræða á jólatrjám í sveitarfélaginu þetta árið en einstaklingar geta komið jólatrjám sínum niður á gámasvæði Sveitarfélagsins Árborgar í Víkurheiði á opnunartíma.

Íbúar eru einnig hvattir til að ganga vel um og hreinsa upp eftir flugelda, sprengjur, kökur og fleira sem fellur til eftir nýárs- og prettándagleði.

Sveitarfélagið Árborg



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

# Af hverju hálandisþjóðgarð?

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,

umhverfis- og auðlindaráðherra



Miðhálandi Íslands hefur að geyma ein stærstu óbyggðu víðerni Evrópu og magnaða náttúru sem fáa lætur ósnortna. Með þjóðgarði verða til einstök tækifæri til að vernda þessi verðmæti, tryggja aðgengi útivistarfólks og sjálfbæra nýtingu auðlinda, auk þess sem aðráttarafl þjóðgarðs skapar nærliggjandi byggðum tækifæri til gjöffullar atvinnusköpunar og býr til opinber störf heima í héraði.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að stofna skuli þjóðgarð á miðhálandi Íslands, en allt frá árinu 2016 hefur verið unnið að þróun þessarar hugmyndar á vegum stjórnvalda í nánú samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila.

### Hvaða svæði nær þjóðgarðurinn yfir?

Drög að lagafrumvarpi um hálandisþjóðgarð voru sett í samráðsgátt stjórnvalda fyrir jól. Frumvarpið byggir á viðamikilli vinnu nefndar sem í sátu fulltrúar allra þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og forsætisráðuneytis. Nefndin lagði til að mörk þjóðgarðsins miðist við landsvæði sem eru í sameign þjóðarinnar – það er þjóðlendur og svæði sem þegar eru friðlýst innan miðhálandisins.

Um 30% af flatarmáli Íslands yrði þannig innan þjóðgarðsins. Um helmingur þess landsvæðis er nú þegar friðlýstur.

### Hvaða tækifæri felast í stofnun hálandisþjóðgarðs?

Hálandisþjóðgarður yrði stærsti þjóðgarður í Evrópu og einstakur á heimsvísu. Hann myndi vernda ein stærstu óbyggðu víðerni álfunnar og afar sérstæða náttúru. Hálandisþjóðgarður yrði stærsta framlag Íslands til náttúruverndar í heiminum fram til þessa.

Hálandisþjóðgarður hefur ekki í för með sér að miðhálandinu verði lokað eins og stundum er haldið fram. Eitt af markmiðum þjóðgarðsins er

einmitt að auðvelda almenningsi að kynnast og njóta náttúru miðhálandisins, menningu þess og sögu.

Gert er ráð fyrir að endurheimt raskaðra vistkerfa verði eitt af markmiðum þjóðgarðsins og að m.a. verði unnið að henni í samvinnu og samstarfi við félög og sjálfbodaliða á viðkomandi svæðum, ekki síst bændur sem víða hafa unnið gott starf við landgræðslu á hálandinu. Hefðbundnar nytjar verða áfram leyfðar innan þjóðgarðsins, svo sem búfjárbætur, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum. Gerð er krafa um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda.

Með þjóðgördum fjölgar opinberum störfum á landsbyggðinni, en þjóðgarðar hafa líka mikið aðráttarafl og geta þannig skilað efnahagslegum ávinningi. Rannsókn Hagfræðistofnunar HÍ á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða á Íslandi, sem unnin var árið 2018 og tók til tólf ólíkra svæða á landinu, leiddi í ljós að fyrir hverja 1 krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skila sér að meðaltali 23 krónur til baka. Friðlýstu svæðin sem rannsókuð voru sköpuðu margvísleg störf, svo sem við skipulagðar ferðir, gistingu, akstur og veitingaþjónustu.

### Hvernig verður stjórnskipulagi þjóðgarðsins háttað?

Stjórnskipulag þjóðgarðsins felur í sér að ríki, sveitarfélög og hagaðilar koma sameiginlega að stefnumótun og stjórnun þjóðgarðsins.

Í áður nefndum drögum að lagafrumvarpi er engið út frá að stjórnfyrikkomulag þjóðgarðsins verði dreift. Meirihluti stjórnarmanna verði kjörnir fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem ná inn á miðhálandið og í stjórninni verði einnig fulltrúar ríkis, ferðaþjónustu, umhverfisverndar- og útivistarsamtaka og Bændasamtaka Íslands. Gert er ráð fyrir að þjóðgarðinum verði skipt upp í sex rekstrarsvæði og svokölluð umdæmisráð fari með stefnumótun hvers svæðis. Fulltrúar sveitarfélaga verða í meirihluta í umdæmisráðum og aðkoma heimafólks að stjórnun þjóðgarðsins er því rík. Ný stofnun, Þjóðgarðastofnun, myndi sinna daglegum rekstri og þjónusta svæðin.

Gert er ráð fyrir að stjórnun og umsýsla þjóðgarðsins verði

ekki í Reykjavík heldur dreift um rekstrarsvæðin og að þar verði starfsstöðvum komið upp.

### Hvað með skipulagsábyrgð sveitarfélaganna?

Með hálandisþjóðgarði verður hægt að ná utan um skipulag miðhálandisins í heild sinni. Sveitarfélög munu eftir sem áður gefa út leyfi á borð við framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi innan þjóðgarðsins. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga munu þó verða bundnar af því sem fram kemur í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins en sveitarfélögin taka ríkan þátt í að vinna þá áætlun með setu sinni í umdæmisráðum og stjórn þjóðgarðsins. Þar eru fulltrúar þeirra í meirihluta.

### Hvað með virkjanir?

Virkjanir hafa verið bitbein stjórnmalanna og samfélagslegrar umræðu í langan tíma. Með frumvarpsdrögum um hálandisþjóðgarð er lagt til að þær leikreglur sem Alþingi setti með lögum um vernd og orkunýtingu landsvæða (öðru nafni rammaáætlun) verði virtar, en einnig tekið tillit til þeirra leikreglna sem þjóðgarður skapar. Hægt verði að meta þær virkjunarhugmyndir inni á miðhálandinu sem þegar hafa komið fram og eru til skoðunar í núverandi rammaáætlun. Hvort af þeim virkjunum verður ráðstætt hins vegar af strangari kröfum en samkvæmt núgildandi lög- gjöf, enda svæðin innan þjóðgarðs. M.a. verði horft til þess hvort virkjunarhugmynd sé á röskuðu eða óröskuðu svæði. Nýjar virkjunarhugmyndir verði hins vegar ekki teknar til skoðunar og þannig dregin lína í sandinn við þriðja áfanga rammaáætlunar.

### Hvað gerist næst?

Í vor mun ég mæla fyrir frumvarpi á Alþingi um hálandisþjóðgarð. Þessa dagana er ég að kynna frumvarpsdrögin í kringum landið. Ég vonast til að sjá sem flesta, heyra ólík sjónarmið og ræða þau tækifæri sem þjóðgarður getur skapað fyrir náttúruvernd, útivist og byggðarþróun. Nánari upplýsingar um fundina má nálgast á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, [uar.is](http://uar.is).

Að lokum vil ég óska ykkur gleði og gæfu á árinu sem nú er að hefjast.

## Skemmtilegt í stærðfræði

Nemendur 10. bekkjar Sunnulækjarskóla unnu skemmtilegt verkefni í tengslum við rúmfræði og hönnun í námsbókum sínum. Nemendum var afhentur pappír, límband og skæri. Verkefnið var að hanna og búa til líkan í

þrívíðu formi. Að því loknu reiknuðu nemendur rúmmál líkansins og skiluðu skýrslu til kennara. Í fréttum skólans kemur fram að nemendur hafi staðið sig með þrýði í lausn verkefnisins.

- gpp



# Þjóðgarður er ekki þjóðgarður

Guðrún Arnbjörg  
Óttarsdóttir

(höfundur er íbúi á  
Suðurlandi)



Það sem gerir þjóð að þjóð er arfleifð, saga og menning. Þjóðgarður er gildishlaðið orð sem vekur upp þjóðerniskennd og stolt og það gerir orðið þjóðgarður líka. En þjóðgarður er ekki allur þar sem hann er séður. Þegar landsvæði er breytt í þjóðgarð er ekki verið að búa til garð þjóðarinnar né hugsa um afleiðingar fyrir þjóðina og enn síður almenna búsetu í dreifðari byggðum landsins.

## Auð þorp og atvinnuleysi

Bændur hafa í gegnum tíðina nýtt hálendið til beitar fyrir fé sitt vegna þess að tún dugðu með naumindum fyrir vetrarforða. Sauðfjárrækt hélt lífi í okkur Íslendingum fyrr á öldum, háð duttlungum náttúrunnar, en nú þykir torfkofabúskapur ekki smart. Náttúran er orðin söluvara í ferðamannabransanum. Sveitarfélög hafa til þessa haft skipulagsvald á hálendinu og haft hemil á átroðningi en með stofnun þjóðgarðs verður það tekið frá þeim. Við hér í dreifðum byggðum landsins missum forsjána, en vissulega er hálendið auðlind þjóðarinnar, líkt og kvótinn sem var hreinsaður af landsbyggðinni og skildi eftir auð þorp og atvinnuleysi.

## Í hrópandi minnihluta

Nú hefur sveitarfélögum verið úthlutað sæti í þjóðgarðsráði. Ég skora á sveitarfélög landsins að standa vörð um hálendið og auðlindir þess, en það að hafa einungis eitt sæti í þjóðgarðsráði í hrópandi minnihluta er ekki fýsilegur kostur. Fyrirtæki á hálendinu sem heimamenn hafa rekið eru oftast mönnum af heimamönnum til að halda störfum í byggðinni en önnur fyrirtæki, aðallega af höfuðborgarsvæðinu, ráða ekki endi-

lega starfsmenn úr sveitafélaginu. Við í dreifbýlinu fáum ekki að manna þau störf sem til falla í þjóðgarði og það mun hafa neikvæð áhrif á byggðapróun í landinu.

Það má ekki túlka orð mín svo að ég sé á móti verndun hálendisins. Þvert á móti, ég lít á þetta sem minn bakgarð sem ég vil vernda og hlúa að. Ég treysti sveitarfélögumum fyllilega til að vernda hálendið og sé enga þörf á að stýra þurfi hálendinu annars staðar frá. Að skapa sérstöðu hefur sýnt sig að vera vænlegt til árangurs í viðskiptum en hér höfum við misst sjónar af sérstöðunni. Hún er ekki bara náttúran okkar fagra, heldur líka arfleifðin og sagan; sögurnar af fjallmönnum og gangnamönnum sem hróktust dögum saman í sauðaleit, svangar hetjur í kulda og vösbúð, kannski ekkert sérstaklega smart en þó satt.

## Hálendið í gíslingu

Að taka hálendið af sveitarfélögum er eins og að segja Grikkjum að hætta að gera Feta-ost! Við megum ekki gleyma hver við erum né hvaðan við komum. Hálendið hefur ekki látið á sjá eftir fjallamenn og bændur, það eru ferðamenn sem eru að vaða stjórnlaustrum í bakgarði okkar. Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun hafa til skiptis haldið skipulagi Landmannalauga í gíslingu vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs, mér telst til að það séu komin 6 ár, en á meðan traðka ferðamenn niður svæðið. Það er ámælisvert, sveitarfélagið Rangárþing ytra var með tilbúið skipulag fyrir 6 árum en fær ekki framkvæmdaleyfi af einhverjum ástæðum. Fundir um stofnun hálendisþjóðgarðs sem auglýstir hafa verið sem samráðsfundir við íbúa hafa verið illa auglýstir og gagnslitlir. Ég skora á íbúa sveitarfélaga og sveitarstjórnir landsins að vakna úr dvala, halda forsjá í heimabyggð og standa vörð um atvinnuönguleika á sínu svæði, auðlindir þjóðarinnar og hagsmuni okkar allra.

## 48 nemendur brautskráðust frá FSu

Þann 20. desember sl. útskrifuðust 48 nemendur frá Fjölbrautaskóla Suðurlands. Tíu nemendur luku námi af sjúkraliðabraut, þar af tveir af sjúkraliðabrá, einn lauk grunnnámi málmíðna, tveir nemendur luku námi á vélvirkjabraut, einn nemandi lauk námi á húsa-smíðabraut. Þá brautskráðust 35 stúdentar, 20 af opinni línu, þrjú af félagsreinalínu, tveir af náttúrufræðilínu, tveir af viðskipta- og hagfræðilínu, þrjú af íþróttalínu, tveir af listalínu, einn af al-

þjóðalínu og loks einn nemandi sem lauk námi á stúdentsbraut að loknu námi á vélvirkjabraut.



## Þjónustufulltrúi seyruverkefnis



Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Ásahreppur leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa fyrir sveitarfélögin sem þjónustufulltrúi seyruverkefnis sveitarfélaganna. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun roþbróa í sveitarfélögum. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Skipulag vinnutíma tekur mið af því að hreinsun á seyru fer fram á tímabilinu frá maí til október ár hvert.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

Tengiliður milli fasteigna eigenda og seyruverkefnis í sveitarfélögum. Sér um úrvinnslu gagna vegna verkefnisins. Sinnir samskiptum og upplýsingagjöf. Sinnir umhverfis- og úrgangsmálum.

### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum. Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi. Góð almenn tölvukunnátta er æskileg. Færni til tjáningar í rituðu og mæltu máli. Góð staðarþekking nauðsynleg. Ökuréttindi. Stundvísí og reglusemi.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480 6600, eða hruni@fludir.is. Umsóknnum ásamt ferilskrá má skila á netfangið hruni@fludir.is eða með pósti merktum: Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir, v/starfsumsóknar. Öllum umsóknnum verður svarað. Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2020.

# GÓÐ RÁÐ

## FYRIR SUNNLENDINGA

APÓTEKARINN ER Í NÆSTA NÁGRENNI  
VIÐ PIG Á SUÐURLANDI.



Apótekarinn<sup>+</sup>  
- lægra verð

Við erum í næsta nágrenni!

www.apotekarinn.is

# Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

## Barbára Sól og Haukur íþróttafólk Árborgar 2019

**UMF. SELFOSS** Knattspyrnukonan Barbára Sól Gísladóttir og handknattleiksmaðurinn Haukur Þrastarson, bæði úr Umf. Selfoss, voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarlfélagssins Árborgar á árlegri uppskeruhátíð frístunda- og menningarnefndar Árborgar sem fram fór á Hótel Selfossi milli hátíða.

Barbára Sól er lykilleikmaður hjá Selfoss en liðið hampaði í sumar Mjólkurbikar KSÍ eftir glæstan sigur á KR í framlengdum úrslitaleik. Í Pepsi Max deildinni varð liðið í þriðja sæti og jafnaði sinn besta árangur frá upphafi. Barbára spilaði alla leiki liðsins í deild og bikar á tímabilinu og lék þar að auki alla þrettán leiki U19 ára liðs Íslands á þessu ári.

Haukur er lykilmáður í liði Selfoss sem landaði sínum fyrsta Íslandsmeistararitli í vor. Hann var jafnframt valinn efnilegasti leikmaður Olísdeildarinnar. Á yfirstandandi tímabili er Haukur markahæsti leikmaður deildarinnar með 114 mörk. Haukur er fastamaður í landsliði Íslands og lék í janúar með liðinu á HM í Þýskalandi og varð þar með yngsti leikmaður í sögu Íslands til að leika á stórmóti í handbolta.



Íþróttafólk Árborgar 2019 Barbára Sól og Haukur. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur

## Ísak og Tryggvi með silfur í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Þeir Ísak Gústafsson og Tryggvi Þórisson léku með U-18 ára landsliði Íslands sem tók þátt á hinu árlega Sparkassen Cup í Lübeck í Þýskalandi á milli jóla og nýárs.

Liðið bar sigurorð af Sviss og Ítalíu í riðlakeppninni en lá fyrir Þýskalandi.

Í undanúrslitum vann liðið



Ísak (t.v.) og Tryggvi geta verið stoltir af frammistöðu sinni. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÞG

öruggan sigur á Hvíta-Rússlandi en liðið endaði í öðru sæti á mótiinu eftir þriggja marka tap í hörku úrslitaleik, aftur gegn Þjóðverjum.

Gott mót að baki, næstu verkefni liðsins verða í sumar þar sem liðið spilar m.a. á EM í ágúst.

## Sextán ungmenni í landsliðsverkefnum

**HANDBOLTI** Sextán Selfyssingar æfa með yngri landsliðum Íslands nú í byrjun janúar, þar af sex í hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins.

Þjálfarar yngri landsliða HSÍ völdu leikmenn sem mættu til æfinga 2.-5. janúar, þar koma öll yngri landslið saman fyrir utan U-18 ára landslið karla sem tók þátt í Sparkassen Cup í Þýskalandi á milli jóla og nýárs.

Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins fer fram helgina 11.-12. janúar. Þar æfa strákarnar og stelpur fædd 2006 undir stjórn Halldórs Jóhanns Sig-

fússonar og Rakelar Daggar Bragadóttur en þar fá leikmenn smjörþefinn af því hvernig yngri landslið HSÍ æfa hverju sinni. -esó

**U-20 ára landslið karla**  
Alexander Hrafnkelsson  
Guðjón Baldur Ómarsson

**U-18 ára landslið kvenna**  
Hólmfríður Arna Steinsdóttir

**U-16 ára landslið kvenna**  
Hugrún Tinna Róbertsdóttir  
Lena Ósk Jónsdóttir  
Tinna Sigurrós Traustadóttir

**U-16 ára landslið karla**  
Daniel Þór Reynisson  
Einar Gunnar Gunnlaugsson  
Hans Jörgen Ólafsson  
Sæþór Atlason

**Hæfileikamótun HSÍ og Bláa lónsins**  
Birgitta Fanný Grétarsdóttir  
Birkir Óli Gunnarsson  
Erla Margrét Gunnarsdóttir  
Guðmundur Stefánsson  
Jónas Karl Gunnlaugsson  
Sesar Örn Harðarson



Selfyssingarnir Guðjón Baldur og Alexander æfðu með U-20 ára landsliði Íslands.



Frá landsliðsæfingu U-16 ára landsliðanna. F.v. Einar Gunnar, Daniel Þór, Lena Ósk, Tinna Sigurrós, Hugrún Tinna, Sæþór og Hans Jörgen. Ljósmyndir: Umf. Selfoss

## Marín Laufey glímukona ársins

**GLÍMA** Afhending viðurkenninga til íþróttafólks sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ 2019 fór fram í Silfurbergi í Hörpu þann 28. desember sl.

Einn keppandi úr röðum aðildarféлага HSK var í þessum hópi en það er Marín Laufey Davíðsdóttir, glímukona úr HSK, sem var valin glímukona ársins í sjötta skiptið.

Marín Laufey hefur stund-

að glímu í um 13 ár og hlotið Freyjumenið fimm sinnum. Marín átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum á árinu, en hún var í verðlaunasæti á öllum þeim mótum sem hún tók þátt í og þá má helst nefna tvo Evrópumeistararitla í keltneskum fangbrögðum og verðlaun fyrir að vera kona mótsins á Evrópumótiinu. Marín er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan.



Marín Laufey Davíðsdóttir, til vinstri.

## Anna María og Selma semja við Selfoss

**KNATTSPYRNA** Anna María Friðgeirsdóttir og Selma Friðriksdóttir skrifuðu fyrir jól undir samninga við knattspyrnudeild Selfoss.

Anna María, sem er fyrirliði bikarmeistarara Selfoss, framlengdi samning sinn til tveggja ára en Selma skrifaði undir sinn fyrsta samning og gildir hann út tímabilið 2022.

„Það er frábært að hafa náð samningum við þessa tvo leikmenn sem eru á ólíkum stað á ferlinum. Anna María er leikjahæsta konan í sögu Selfoss og hefur spilað 109 leiki í efstu deild en Selma steig sín fyrstu skref í meistaraflokki í sum-

ar. Báðar eru þær mikilvægir hlekkir í keðjunni sem við erum að styrkja hér á Selfossi,“ segir Alfréð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

Anna María og Selma eru báðar fjölhæfir leikmenn og spila oftast sem bakverðir en geta leyst fleiri stöður á vellinum.

Anna María, sem er 28 ára, hefur spilað 260 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss í öllum keppnum frá árinu 2009. Selma, sem er 17 ára, hefur spilað 10 meistaraflokksleiki fyrir félagið, þar af þrjú í efstu deild þar sem hún skoraði einnig sitt fyrsta mark í sumar.



Anna María (t.v.) og Selma ásamt Óttari Guðlaugssyni, aðstoðarþjálfara Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Guðmundur Karl



# Hafsteinn íþróttamaður Hveragerðis 2019

**HAMAR** Skapast hefur sú hefð að lýsa kjöri íþróttamanns Hveragerðis við hátíðlega athöfn milli jóla og nýárs ár hvert. Í ár var athöfnin haldin í Listasafni Ámesinga þann 27. desember síðastliðinn. Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir, upprennandi tónlistarmaður í Hveragerði var fengin til að opna athöfnina með fallegum tónlistarflutningi.

Veittar voru viðurkenningar fyrir frábæran árangur í íþróttum á árinu til eftirfarandi: Margrét Guanbing Hu, Íslandsmeistari í badminton, tvíliðaleik unglunga; Úlfur Þórhallsson, Íslandsmeistari í badminton, einliðaleik snáða; Björn Ásgeir Ásgeirsson, landsliðsmaður í körfuknattleik U20 ára; Úlfar Andrésson, landsliðsmaður í ishokkí; Hafsteinn Valdimarsson, landsliðsmaður í blaki; Kristján Valdimarsson, landsliðsmaður í blaki.



Hafsteinn Valdimarsson.

Í ár var brugðið út af vananum, þar sem áður hafa aðeins verið veittar viðurkenningar til íþróttamanna innan vébanda ÍSÍ, og Björgvini Karli Guðmundssyni veitt viðurkenning fyrir sinn árangur í Crossfit. Björgvin Karl sigraði Reykjavík Crossfit Championship í apríl síðastliðinn og hefur einnig átt frábæran árangur í keppnum erlendis.

Sjö einstaklingar hlutu tilnefningu um íþróttamann Hveragerðis þetta árið og voru eftirfarandi: Bjarki Rúnar Jónínusson, knattspyrnumaður; Björn Ásgeir Ásgeirsson, körfuknattleiksmaður; Erlingur Arthúrssson, golfmaður; Hafsteinn Valdimarsson, blakmaður; Margrét Guanbing Hu, badmintonmaður; Rákel Hlynsdóttir, lyftingamaður; Úlfar Jón Andrésson, ishokkímaður.

Að þessu sinni var Hafsteinn Valdimarsson valinn íþróttamaður Hveragerðis. Hafsteinn var fyrirliði íslenska landsliðsins þegar það spilaði á Smábjódaleikunum í Svartfjallalandi í sumar. Hann er einnig leikmaður í franska liðinu Calais og er þar einn af burðarásnum liðsins.

Hveragerðisbær óskar öllu þessu frábæra íþróttafólki til hamingju með árangurinn á árinu.



Hópurinn ásamt fulltrúum Hveragerðisbæjar.

## Tíu HSK-met sett á jólamótum í frjálsum

**FRJÁLSAR** Tíu HSK met í frjálsum voru sett á síðustu mótum ársins nú um jóla og áramót. Á jólamóti Ármanns sem haldið var í Reykjavík 14. desember sl. bætti Kristófer Árni Jónsson úr Heklu HSK-metið í 600 metra hlaupi í flokki 12 ára stráka. Hann hljóp á 1:47,28 mín., en Sigurjón Reynisson átti gamla metið sem var 1:50,78 mín.

Ísold Assa Guðmundsdóttir Selfossi setti HSK-met í há-

stökki án atrennu í flokki 12 ára stelpna á Áramótamóti Selfossi þann 28. desember sl. Hún byrjaði á að jafna metið þegar hún stökk 1,15 m en bætti um betur og stökk einnig yfir 1,20 metra. Gamla metið hafði staðið í 37 ár, en árið 1982 settu Hulda Helgadóttir og Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir met. Síðar náðu þær Birna Guðlaugsdóttir og Eva María Baldursdóttir að jafna metið.

Síðustu HSK-met ársins voru sett á Áramóti Ármanns 30. desember sl. Þar hlupu þær Dýrleif Nanna Guðmundsdóttir og Elín Karlsdóttir báðar frá Selfossi 3.000 metra hlaup innahúss, fyrstar HSK-kvenna. Dýrleif hljóp á 13:51,15 mín., sem er HSK-met í flokki 13 ára stúlkna. Elín hljóp á 13:47,92 mín. sem er met í sex flokkum frá 14 ára upp í kvennaflokk.



Ísold hástökkvari. Mynd: Sunnlenska.is/GK



Elín og Dýrleif í methlaupinu. Mynd: Sunnlenska.is/GK

1. deild karla í körfubolta

**SELFOSS - HAMAR**

Föstudaginn 10. jan. kl. 19:15  
Íþróttahús Vallaskóla



**Guggusund - ungbarnasund**

Ný námskeið hefjast  
16., 17. og 18. janúar

Byrjendur frá 2 mánaða  
Námskeið 2: ca. 7-14 mánaða  
Námskeið 3: ca. 1-2 ára  
Námskeið 4: ca. 2-4 ára  
Námskeið 5: ca. 4-6 ára  
Sundskóli fyrir börn 5-6 ára og eldri

Skráning og upplýsingar á  
guggahb@simnet.is og í síma 848 1626.  
Sjá Guggusund á www.selfoss.net.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir, íþróttakennari



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

## Auglýst útboð

Fjölnota íþróttahús, Engjavegi, 800 Selfoss

Eftirlit með verkframkvæmdum

Verkís hf., fyrir hönd Fasteignafélags Árborgar slf., kt. 460704-3590, Austurvegi 2, 800 Selfoss, óskar eftir tilboðum í eftirlit með uppbyggingu nýs fjölnota íþróttahúss á íþrótt- og útivistarsvæði við Engjaveg.

Reisa skal fjölnota íþróttahús á íþróttasvæði UMFS að Engjavegi, 800 Selfoss. Húsið er skilgreint sem fjölnota æfingahús fyrir knattspyrnu ásamt æfingaaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Áætlaður mannfjöldi í húsi er 350 manns við æfingar að jafnaði og allt að 1500 manns á sérstökum viðburðum. Þó gerir brunahönnun hússins ráð fyrir flóttaleiðum og reyrkræstingu fyrir 3000 manns í húsinu.

### Hlutverk eftirlits:

- Eftirlitsverk skal unnið samkvæmt útboðlýsingu og verklýsingu. Eftirlitsmaður aðstoðar umsjónarmann verkkaupa (byggingarstjóra) við daglegt eftirlit með verklegum framkvæmdum og sinnir lögboðnum skyldum byggingarstjóra eftir leiðsögn hans.
- Eftirlitsmaður skal með eftirliti sínu tryggja að framkvæmdir verði í fullu samræmi við útboðsgögn verkframkvæmdar og sjá til þess að tilskyldar gæðakröfur séu uppfylltar, án þess að ganga inn á verksvið byggingarstjóra, ráðgjafa, verktaka eða verkkaupa.

Farið verður yfir allar umsóknir og verður hæfi og geta umsækjanda metin út frá þeim upplýsingum sem þeir leggja fram með umsókn sinni.

Útboðsgögn verða afhent með rafrænum hætti frá og með 3. janúar 2020. Senda skal ósk um gögn á tölvupóstfang verkis.selfoss@verkis.is með nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Tilboðum skal skila til Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss fyrir kl. 11:00, þriðjudaginn 21. janúar 2020, en þá verða þau opnuð að viðstöddum fulltrúum verkkaupa og þeim bjóðendum sem þess óska.



ÞEKKING Í VERKI

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.  
Ath. fundur 24. og 31. des.  
kl. 12 á hádegi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA fundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin  
Batasetur Suðurlands**  
Miðvikudaga kl. 10-14  
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)  
Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
facebook.com/batasetur

## BÍLAR

**KIETTUR**  
Bifreiðaverkstæði  
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar  
HEKLA® Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS  
492 1944 - dfs@dfs.is

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
S: 662-1122  
Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**ICECOOL**  
Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki  
Persónuleg þjónusta

**STEYPUSSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM**

Saga dýragöt, gluggagöt og fleira  
í steinsteypu.  
Kjarnaborun fyrir lögnum.  
Ramma inn myndir,  
spegla og fleira.  
Annast einnig sólpallasmíði.  
ÁSGEIR EGGERTSSON  
Sléttuvegi 6, Selfossi  
Sími 893 9068  
STEINSTEYPUSSÖGUNIN ÁS ehf.

## HEILSA

**Nudd -  
Svæðanudd**

Dáleiðsla  
Augnlestur og  
heilsuráðgjöf  
Einföld en áhrifarík  
ráð við ýmsum  
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni  
Miðgarði, Austurvegi 4,  
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson  
Sími 898 1501

## KIRKJUR

**Selfoskirkja**  
Sunnudaginn 12. janúar nk. er  
fjölskyldumessa kl. 11:00,  
umsjón með stundinni hafa  
Guðbjörg Arnardóttir, Jóhanna  
Yr Jóhannsdóttir og Sigurður  
Einar Guðjónsson.

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**  
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma,  
sunnudagaskóli og kaffiveit-  
ingar. English translation ava-  
ilable. Allir innilega velkomnir.  
www.selfossgospel.is.

**Aðventistar**  
Safnaðarheimili aðventista,  
Eyravegi 67 Selfossi, 11. jan.  
Bíblíurannsókn kl. 11 og guðs-  
þjónusta kl. 12. Verið velkomnir.

## FUNDIR

## Vöflukaffi

Ellefta vöflu-  
kaffi vetrar og  
jafnframt það  
fyrsta á þessu  
ári verður hald-  
ið næsta föstu-  
dag 10. janúar  
á Eyravegi 15,  
annarri hæð, á milli klukkan  
16 og 18. Gestur okkar er  
Fjóla Ingimundardóttir og  
mun hún flytja okkur fyrir-  
lestur um öldrun. Mjög  
áhugavert mál sem snertir  
okkur flest.



## TIL LEIGU

## Íbúð til leigu

Til leigu góð 70 m<sup>2</sup> íbúð með  
tveimur herbergjum. Íbúðin er  
miðsvæðis á Selfossi. Laus  
strax. Uppl. í síma 618 1511.

## Íbúð til leigu


90 m<sup>2</sup> íbúð til leigu á Selfossi.  
Tvö stór svefnherbergi. Sér  
geymsla í kjallara. Hiti og raf-  
magn innifalið í leigunni. Laus  
mánaðamótin jan.-feb. nk. Uppl.  
í síma 868 2885.

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í  
auglýsingapakka  
í blaðið og  
á vefinn!



Hafðu samband  
Sími 482 1944  
dfs@dfs.is



**FOSSRAF**

**Fossraf ehf óskar eftir  
rafvirkja til starfa**

Umsóknum og ferilskrá sé skilað  
á netfangið fossraf@fossraf.is

## Tómstundastyrkur ungmenna 80 þúsund

Tómstundastyrkur ungmenna  
hækkaði í 80 þúsund í  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyr-  
ir árið 2020. Styrkurinn hækkaði  
um fimm þúsund krónur síðan í  
fyrra. Styrkinn geta allir grunn-  
og framhaldskólanemar frá 6  
ára aldri til 18 ára fengið, en  
styrkinn má nota til að stunda  
íþrótt-, æskulýðs-, eða menning-  
ingstarf. Til þess að geta feng-  
ið styrkinn þarf að fylgja frumrit  
kvittunar um greiðslu frá aðila



sem uppfyllir skilyrði um viður-  
kennda starfsemi sé að ræða og  
fagaðilar sjái um þjálfun og/eda  
menntun nemenda. -gpp

## Topplistar Bókasafns Árborgar komnir út

Bókasafn Árborgar gaf út lista  
Byfir mest lesnu bækurnar á  
árinu, í þremur flokkum á Face-  
book-síðu sinni. Flokkarnir eru  
mest lesnu ævisögurnar, mest  
lesnu bækurnar almennt og mest  
lesnu barnabækurnar, en áréttað  
er að börn í Árborg séu dugleg  
að nýta sér safnkostinn. Það er  
gaman að sjá tölfræðina lifna við  
með þessum hætti eins og hér er  
gert. Lesendur ættu að geta nýtt  
sér listann og bætt þeim bókum  
við sem upp á vantar.

## Vinsælustu barnabækurnar

Vinsælustu barnabækurnar  
eru: Dagbók Kidda Klaufa  
sem vermir nokkur sæti, Fíásól  
er einnig í tveimur sætum. Þá  
koma titlar eins og: Handbók  
fyrir ofurhetjur, Langefstur í  
Leynifélaginu, Ofurhetjuviddin,  
og Amma er best.

## Vinsælustu bækurnar almennt

Eldraunin eftir Jörn Lier Horst,  
Ungfrú Ísland eftir Auði Övu,  
Brúðan eftir Yrsu, Barnið sem  
hrópaði í hljóði eftir Jónínu  
Leósdóttur, Þar sem ekkert ógnar  
þér eftir Simone van der Vlugt,  
Litla bókabúðin í hálöndunum  
eftir Jenny colgan, Roðabein

eftir Ann Cleeves, Heltekin eftir  
Flynn Berry og Dóttir mýrar-  
kóngsins eftir Karen Dionne.

## Mest lesnu ævisögurnar

Tíu mest lesnu ævisögurnar á  
árinu voru Henný Hermanns,  
Vertu stillt. Talinn galinn eftir  
Magnús Víking, bækurnar  
Tvisaga og Hornauga eftir Ás-  
dís Höllu Bragadóttur, Has-  
im götustrákur í Kalkúttu og  
Reykjavík eftir Þóru Kristínu  
Ásgeirsdóttur, Skúli fögeti eftir  
Þúrunni Jörllu, Níu líf eftir Sig-  
mund Erni, Amma - Draumar  
í lit eftir Hólmfríði Helgu Sig-  
urðardóttur, Sagan mín eftir  
Aron Einar Gunnarsson.

Nýtt sem innblástur  
að auknum lestri

Íslendingar eru mikil bókaþjóð  
og fátt er betra en góð bók segja  
margir. Þá má sjá mikinn áhuga  
á föstum þætti Dagskrárinnar  
þar sem Lestrarhestur vikunnar  
leiðir lesendur að náttborðinu og  
segir frá því sem þar hvílir. Nú  
er um að gera að nýta sér þennan  
lista til að sópa upp því sem  
eftir er af bókunum hér að ofan  
milli þess sem blaðsíðum nýrri  
jólábókanna er flett. -gpp



## Kristín Scheving ráðin sem forstöðumaður í Listasafni Árneseinga



Stjórn Listasafns Árneseinga hefur ráðið í starf forstöðumanns safnsins, Kristínu Scheving myndlistarmann.

Kristín nam myndlist við École Supérieure des Arts Décoratifs de Strasbourg í Frakklandi frá 1996-1999 og kláraði síðan BA gráðu í sjónlistum frá Manchester Metropolitan University, Bretlandi 2001.

Árið 2003 útskrifaðist hún með MA gráðu í Media Arts frá

sama háskóla, og kenndi síðan við þann háskóla í sjónlistadeildinni til 2005. Eftir rúman áratug erlendis flutti Kristín aftur til Íslands og vann sem framkvæmdastjóri Menningar- miðstöðvar Fljótsdalshéraðs frá 2005 og byrjaði þá einnig með vídeólistahátíðina 700IS Hreindýraland. Árin 2011-2013 vann hún sem verkefnastjóri hjá Listahátíð í Reykjavík og Norræna húsinu í Reykjavík. Árin 2013-2017 var Kristín deildarstjóri Vasulka-stofu hjá Listasafni Íslands og síðustu tvö ár hefur hún unnið sem sérfræðingur hjá

BERG Contemporary og séð um að halda utan um sýningar Vasulka verka, um útgáfur og laga- leg mál vegna höfundarréttar verka þeirra. Einnig aðstoð við umsjón gagnasafns þeirra hjóna, sýningarstjórnun innanlands sem utan.

Alls voru 18 umsækjendur um starfið og hafði Hagvangur umsjón með ráðningarferlinu. Kristín mun hefja störf 1. febrúar nk.

Frekari upplýsingar veitir Helgi S. Haraldsson formaður stjórnar safnsins, helgihar@simnet.is, sími 825 2130.



## Hrútavinir og forsætisráðherra í Hafnarborg

Boðið var upp á leiðsögn sunnudaginn 5. janúar sl. um yfirlitssýningu Hafnarborgar í Hafnarfirði á verkum Eyrbekkingsins Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins á árunum 1920-1950. Leiðsögnina veitti Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar og

annar tveggja sýningarstjóra.

Sýningin er sett upp í tilefni af því að öld er liðin frá því að Guðjón lauk í Kaupmannahöfn háskólaþrófi í byggingarlist, fyrstur Íslendinga, árið 1919 og var skipaður húsameistari ríkisins ári síðar.

Ágústa vann sýninguna með

Péttri H. Ármannssyni en hann vann einnig að bók um Guðjón Samúelsson sem kemur út bráðlega.

Meðal fjölmargra gesta á sunnudeginum í Hafnarborg voru Hrútavinir af Suðurlandi og forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir.



F.v.: Ægir E. Hafberg, Hannes Sigurðsson, Böðvar Gíslason, Arni Benediktsson, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar.



F.v.: Björn Ingi Bjarnason, Böðvar Gíslason, Ægir E. Hafberg, Arni Benediktsson, Hannes Sigurðsson og Vígdís Karlsdóttir.

## Forsala hafin á Selfossþorrablót 2020

Laugardagskvöldið 25. janúar 2020 verður í Íþróttahúsinu Vallaskóla hið árlega Selfossþorrablót, en þetta er í 19. skiptið sem blótið er haldið. Dagskráin í ár verður afar fjölbreytt og eitthvað fyrir alla s.s. Dans á rósum, Huginn, Saga Garðars, Sigurjón frá Skollagróf og veislustjóri er hin geðþekki formaður „nýbúa samtakanna“ Maggi Peran. Blótið er búið að festa sig í sessi sem ein besta leiðin fyrir nýbúa á svæðinu til að öðlast „Selfoss-hjarta“ og eru allir íbúar sérstaklega velkomnir, enda blótið kjörinn vettvangur til að kynna nágrennanum.

Miðasala á blótið og ballið fer fram dagana 8. - 24. janúar og fer hún fram í Galleri Ozone Selfossi og á tix.is. Miðaverð á blótið og ballið er 7.600 kr. en sérstakt forsölutilboð verður 8. til 15. janúar á aðeins 7.200 kr. Allar nánari upplýsingar um blótið má finna á fésbókarsíðu blótsins undir „Selfossþorrablót“.

Verið velkomin á 19. Selfossþorrablótið og hressum upp á bæjarbraginn.



Hin hressa Saga Garðarsdóttir verður með uppstand á blótinu.



Félag eldri borgara Hveragerði verður með opið hús í Þorláksetri miðvikudaga kl. 13:00 í janúar 2020.

**15. janúar**, kemur Bjarni Eiríkur Sigurðsson. Hann segir frá Njálu á líflegan og skemmtilegan hátt.

**22. janúar**, kemur Berglind Soffía Blöndal næringarfræðingur. Fræðsla um mataræði eldri borgara.

**29. janúar**, kemur Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og segir frá því sem er efst á baugi í bæjarfélaginu.



Sveitarfélagið  
ÁRBORG

### Forstöðumaður Frístundahúsa Árborgar og vinnuskólastjóri Árborgar

Sveitarfélagið Árborg leitar að forstöðumanni frístundahúsa og vinnuskóla. Leitað er að reglusömum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Sveitarfélaginu Árborg í æskulýðsmálum síðustu misseri og kemur forstöðumaðurinn til með að móta starfsemina til framtíðar í samstarfi við frístunda- og forvarnarfulltrúa.

Frístundahús Árborgar skiptist annars vegar í félagsmiðstöðina Zelsiuz þar sem haldið er úti öflugum starfi fyrir börn á aldrinum 10-13 ára og fyrir unglinga 14-16 ára. Hins vegar er um að ræða ungmennahúsið Pakkhúsið þar sem fer fram starf fyrir ungmenni 16 ára og eldri.

#### Helstu verkefni

- Dagleg umsjón, rekstur og áætlanagerð fyrir félagsmiðstöðina Zelsiuz og ungmennahúsið Pakkhúsið, þ.m.t. ábyrgð á starfsmannamálum, innkaupum og skipulagning þjónustu staðarins í samráði við notendur, frístunda- og forvarnarfulltrúa og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra, starfsfólk, skóla og aðra samstarfsaðila
- Pátttaka í stefnumótun frístundastarfs í sveitarfélaginu
- Yfirumsjón með vinnuskóla sveitarfélagsins

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tómsunda- og félagsmálafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun æskulýðsstofnana mikill kostur
- Áhugi á æskulýðsstarfi skilyrði. Starfsreynsla í félagsmiðstöðum og/eda frístundaheimilum mikill kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig á íslensku í ræðu og riti

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambandis íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags og er um fullt starf að ræða.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar E. Sigurbjörnsson frístunda- og forvarnafulltrúi, vefpóstur: gunnars@arborg.is / sími: 480 1950.

Umsóknarrestur er til og með 12. janúar næstkomandi. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins: <http://starf.arborg.is>.



## Almenningssamgöngur á Suðurlandi færast til Vegagerðarinnar - Nemendakort fást hjá Strætó BS

Um áramót tók Vegagerðin við rekstri almenningssamgangna á landsbyggðinni, en samningar um almenningssamgöngur á Suðurlandi, milli SASS og Vegagerðarinnar runnu út um áramót. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni verður þjónustan óbreytt um sinn en verið er að undirbúa útboð á akstrinum þar sem gert er ráð fyrir að nýr samningur við akstursaðila taki gildi frá og með 1. janúar 2021.

### Nemakortin fást nú hjá Strætó BS

Til að nálgast nemakortin þurfa nemendur að snúa sér til Strætó BS. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó kostar kortið 90.000 kr. Nemendur þurfa að leggja fjárhæðina inn á reikning hjá Vegagerðinni, fá staðfestingu á greiðslu og vottorð um skólavist á Strætó BS ásamt nafni, kennitölu, ljósmynd og nafni skólans. Þá verður nemakortið sent í ábyrgðarpósti innan 7-10 virkra daga.

### Sunnlendingar vilja koma að leiðarkerfinu

Í samtali við Bjarna Guðmundsson, framkvæmdastjóra hjá SASS kemur fram að það hafi verið áréttáð við Vegagerðina að landshlutinn vilji áfram koma að ákvörðunum um þörf og leiðarval í landshlutanum. Það sé mikilvægt að heimamenn hafi eitthvað um það að segja hvernig leiðarkerfinu sé háttað og hvernig þjónustan sé veitt. „Það er mikil þekking og reynsla sem hefur safnast hjá okkur í gegnum árin í kringum rekstur almenningssamgangnanna. Við viljum gjarna miðla því áfram og tryggja að þjónustan sé að nýtast sem best, bæði nemendum og dreifðari byggðum.“ -gpp

## Hörður Skúlason fær styrk úr Lista- og menningarsjóði Ölfuss

Hörður Skúlason, nemandi í Kvikmyndaskóla Íslands, hefur um skeið unnið að gerð stuttmyndar sem gerist í Þorlákshöfn. Hörður sótti um styrk fyrir verkefninu hjá Lista- og menningarsjóði Ölfuss. Hörður fór á fund bæjarráðs þar sem hann kynnti hugmynd sína fyrir fundarmönnum. Hugmyndin er m.a. að sýna stuttmyndina í Grunnskóla Þorlákshafnar og nýta tækifærið samhliða sýningunni og kynna Kvikmyndaskóla Íslands. Bæjarráð samþykkti umsóknina og styrkir verkefnið um 100.000 kr. - gpp

## Arnór Ingi er dúx FSu

Arnór Ingi Grétarsson er Arnór FSu á haustönn 2019. Hann útskrifaðist af tveimur stúdentslínunum, viðskipta- og hagfræðilínu og alþjóðalínu. Arnór Ingi hlaut einnig viðurkenningu frá Hollvarðasamtökum FSu og margar viðurkenningar fyrir nám í einstökum námsgreinum. Þá hlaut Arnór viðurkenningar fyrir afburða árangur í stærðfræði, góðan árangur í íslensku, mjög góðan árangur í ensku, afburða árangur í frönsku, spænsku og þýsku. Að auki fékk Arnór Ingi sérstaka viðurkenningu fyrir einstaka frammistöðu, alúð og áhuga í tungumálanámi.

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311

**Skrifstofa Þjónustusími**

**hádegis tilboð**

2ja réttir 3.490  
12:00-16:00

**Hafid Blaa**  
restaurant with a view  
The Blue Sea

hafidblaa.is • 483-1000  
hafidblaa@hafidblaa.is  
opið 12:00-21:00 alla daga

**MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN**

**Kennslustofa 60**

**SB SKILTAGERÐ**

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

**Jiibbiíi**

**Siggafærðir**

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**HREINGERNINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.**

**Allar ræstingar**  
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,  
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

*Freint um allt Suðurland*

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi**

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gísthús  
Öryggiskerfi  
Eftirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

**Gunnar Guðmundsson**  
sími 694 4922

**Vilmundur Sigurðsson**  
sími 779 6777

**Rétting og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020

**FYLGÐ**

Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**

**Vinnuvélanámskeið á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**Josera**

Gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO Selfossi**

**VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**HM**

Hjólbarðar Smurþjónusta  
Betri vörur - betra verð

**Bilamerkingar**

Strigaprentun  
Fatamerkingar  
Gluggafilmur

Límmiðar  
Skiltagerð

**Filmulausnir og merkingar**

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299  
filmulausnir@filmulausnir.is f: Filmulausnir

Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9-17

**Bilasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti**

**Bilverk BA**

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is